

Deiliskipulag fyrir Hofstaði í Mývatnssveit

Skipulagslýsing í nóvember 2015



**Sveitarfélag
Verkkaupi
Skipulagsráðgjafi**

Skútustaðarhreppur
Minjastofnun Íslands
Teiknistofa Norðurlands



Efnisyfirlit

1. Aðdragandi og tilgangur.....	3
2. Markmið.....	3
3. Skipulagssvæðið og staðhættir.....	3
4. Tengsl við aðrar áætlanir	5
5. Lög og reglugerðir.....	6
6. Áhrifamat	7
7. Skipulagsferli	7
8. Umsagnaraðilar	7
9. Ábendingar	8
10. Heimildaskrá.....	8

1. Aðdragandi og tilgangur

Sveitarstjórn Skútustaðarhrepps hefur heimilað Minjastofnun Íslands að láta vinna á sinn kostnað deiliskipulag fyrir minjasvæðið við Hofstaði og nánasta umhverfi skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Stefnt er að því að bæta aðgengi og umferð ferðamanna um minjasvæðinu m.a. með skipulagningu bílastæðis, stíga, skilta, útsýnissvæða og staðsetningu byggingarreits fyrir salernisaðstöðu við bílastæði. Jafnframt er skipulaginu ætlað að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og gera þær synilegri fyrir ferðamenn sem koma til Hofstaða.

2. Markmið

Í deiliskipulaginu verða bílastæði, stígar, útsýnis- og skiltasvæði afmarkað. Einnig verður byggingarreitur fyrir salerni skilgreindur á skipulagssvæðinu. Öll mannvirki verða staðsett í námunda við núverandi byggingar og minjasvæði. Í deiliskipulagsvinnunni verður lögð áhersla á að ný mannvirki á svæðinu hafi samræmda og hógværa heildarásýnd sem falli vel að sérkennum umhverfisins og virði minjar og náttúru svæðisins. Á stórum hluta skipulagssvæðisins er tún en gert er ráð fyrir að þau verði að nýtt áfram með sambærilegum hætti og gert hefur verið fram að þessu.

3. Skipulagssvæðið og staðhættir

Skipulagssvæðið er 6.4 ha að stærð og nær niður fyrir íbúðar- og útihús jarðarinnar að vestanverðu, en af gömlum túngarði að sunnan og austan. Norðurmörk skipulagssvæðisins ná um 15 metra út frá minjasvæðinu. Á skipulagssvæðinu eru mannvirki sem tilheyra búsetu og búskap á jörðinni ásamt minjasvæði. Stærsti hluti skipulagssvæðisins er tún og óræktað land.



Mynd 1. Afmörkun skipulagssvæðisins (Svarmi 2015)

Hofstaðir standa skammt austan Laxár á þeim stað sem telja má að Laxárdalur hefjist. Jörðinni tilheyrir talsvert heiðaland sem nær norður að Hólkotsgili og Sandavatni, ásamt allmörgum eyjum og hölmum í Laxá. Þar má telja: Vatnsgjárhólma, Ærhelluhólma, Skötuey, Svínshrygg, Hafursey, Gálufitjarsker, Geldingafitjasker og Sporðhólma. Landamerkjum að austan ræður Sortulækur þar sem hann fellur úr Sandvatni suður í Krók frá læknum sem er suðvestur frá Geirastaðabæ. Frá þeim stað ræður bein sjónhending í Stórukleif við Laxá. Suður- og vestan landamörkunum ræður Laxá út að Hólkotsgili. Veiðihlunnindi eru í Laxá og Sandvatni en einnig eggver. Stærð jarðar er 1,359 ha.

Gamla túnið á Hofstöðum er austan við núverandi bæ en austurjaðar þess liggur með rótum lyngi og kjarri vaxinnar brekku. Ofar í þessari brekku minnkar gróðurþekjan og við tekur grýttur og blásinn jarðvegur. Árið 1960 voru á Hofstöðum 91 kind, 6 nautgripir en búfjárhaldi var hætt 1984. (Byggðir og bú Suður-Pingeyinga).

Á jörðinni eru eftirtaldar byggingar: Íbúðarhús byggt 1954, áföst véla- og verkfæragæymsla með kjallara byggð 1978, fjárhús byggð 1962, hlaða byggð 1956, gæymsla byggð 1960 og dæluhús byggt 2010. Ræktað land er 11,8 ha (Þjóðskrá Íslands).

Byggðarsaga og fornleifarannsóknir

Hofstaða er fyrst getið í sölubréfi árið 1477 þar sem fram kemur að bænahús sé á jörðinni og hún eigi hlut í almenningi í Mývatni, skipstöðu ásamt hrossagöngu í Geirastaðalandi. Í túnjaðrinum við brekkuræturnar, um 100 metra austur frá bænum eru fornar minjar sem munnmæli frá 19.öld sögðu vera leifar hofs frá elstu tíð.

Fyrstu yfirborðsathuganir á Hofstöðum gerði Daniel Bruun 1896 þegar hann skráði stutta lýsingu á töftinni og gerði af henni einfaldan uppdrátt. Síðan þá hafa fjölmargar rannsóknir verið gerðar á minjunum og mikið verið um þær skrifað. Finnur Jónsson og Daniel Bruun gerðu til að mynda umfangsmiklar rannsóknir á Hofstöðum árið 1908 og birtu niðurstöður sínar víða og á ýmsum tungumálum en þeir töldu að hér væri fundið hof frá víkingaöld.


Þessar niðurstöður voru síðar gagnrýndar þegar kom undir miðja síðustu öld af Aage Roussel sem taldi minjarnar afar svipaðar venjulegum skála. Síðar fékk gagnrýni hans stuðning frá Olaf Olsen í doktorsritinu Hörg, Hov og Kirke en Olsen setti fram þá skoðun að helgiathafnir hafi farið fram á stærri bæjum en ekki í þar til gerðum húsum. Hafa fræðimenn ekki verið á einum máli um þessi efni en um minjarnar á Hofstöðum hefur víða verið fjallað í yfirlitsritum um norræna menningu og sögu á síðustu árum þrátt fyrir óvissuna sem ríkir um eðli þeirra (Adolf Friðriksson Orri Vésteinsson. Rannsókn á fornbyli á Hofstöðum í Mývatnssveit, Framvinda rannsókna 1996).

Fornleifastofnun Íslands ses hefur staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknum á svæðinu frá árinu 1991 en síðustu fornleifarannsóknir á Hofstöðum fóru fram árið 2015 þegar uppgreftri lauk á kirkjugarðinum.

4. Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Skútustaðarhrepps 2011-2023

Fyrirhuguð deiliskipulagmörk eru innan marka sveitarfélagsins Skútustaðarhrepps. Skipulagið verður unnið í samræmi við gildandi Aðalskipulag Skútustaðarhrepps 2011-2023 og ákvæði um viðkomandi svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði.



Mynd 2. Hluti sveitaruppdráttar og landnotkun, úr gildandi Aðalskipulagi Skútustaðarhrepps 2011-2023 (Teiknistofa arkitekta).

	Óbyggð svæði
	Landbúnaðarsvæði
	Landbúnaðarsvæði þun, eingöngu til skýringar
	Vötn og ár

Um *Landbúnaðarsvæði* segir í aðalskipulaginu að þar sé fyrst og fremst gert ráð fyrir starfsemi og byggingum sem tengist landbúnaði (búrekstri). Aðrar atvinnugreinar svo sem skógrækt og almenn ferðaþjónusta eru taldar til landbúnaðar. Ennfremur segir að á landbúnaðarsvæðum sé heimilt að nýta byggingar og reisa byggingar fyrir þess háttar atvinnustarfsemi.

Hofstaðir eru einn af 22 minjastöðum sem merktir eru á aðalskipulagsupprætti Skútustaðarhrepps. Í greinargerð skipulagsins segir m.a. að minjastaðir séu valdir m.a. með hliðsjón af aðgengi og hugsanlegu hlutverki þeirra í kynningu og fræðslu um sögu og minjar í Skútustaðarhreppi. Ekki eru sett séstök skipulagsákvæði um minjastaði í aðalskipulaginu.

Í Aðalskiplagi Skútustaðarhrepps segir: Ákvæði verði sett í deiliskipulag sem stuðli að vandaðri umhverfismótun, s.s. umfang, form, efni, útlit og litaval nýbygginga. Jafnframt er vísað til stefnu íslenskra stjórnvalda um hönnun og byggingu opinberra mannvirkja hvað snertir markmið og sjónarmið um gæði byggingarlistar og mótun hins manngerða umhverfis.

5. Lög og reglugerðir

Lög um menningarminjar

Hluti minjanna á Hofstöðum eru friðlýstar fornleifar. Friðlýsingar voru gerðar áður en almenn friðun minja var tryggð með lagasetningu 1989. Í skrá um friðlýstar fornleifar frá 1990 segir:

Hofstaðir. Hoftóft norður á túninu; lítil hringmynduð tóft fyrir austan hana, fornt garðlag með brekkubrúninni upp frá litla hringnum, og hestarjett við garðlagið. Sbr. Árb. 1906: 12-13 (með upprætti); Bruun 1928: 39-47. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 1931 (Fornleifar í landi Hofstaða voru skráðar 1996? af Fornleifastofnun Íslands (fornleifaskráning).

Á Hofstöðum eru því fjórar friðlýstar fornleifar: meint hoftóft og lítil hringlaga tóft austan við hana (jarðhýsi), sem báðar hafa verið rannsakaðar, tungarðurinn og hestarétt.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir í 22. gr. um friðhelgun og merkingar: Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.

Margar friðaðar fornleifar eru innan deiliskipulagssvæðisins auk friðlýstu fornleifanna fjögurra.

Verndaráætlun Mývatns og Laxár

Lög um verndun Mývatns og Laxár tóku gildi árið 2004. Markmið þeirra er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Ákvæði laganna taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólum og kvíslum, allt frá ósi árinna við Skjálfandaflóa, ásamt 200 metra breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Í lögnum segir um framkvæmdir og skipulag að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar ef ekki er gert ráð fyrir viðkomandi framkvæmdum í staðfestu skipulagi enda hafi Umhverfisstofnun fallist á umrædda skipulagsáætlun.

Hluti fyrirhugaðs deiliskipulagssvæðis við Hofstaði er innan marka verndarsvæðisins sem og íbúðarhúsið á Hofstöðum. Engar framkvæmdir eru þó fyrirhugaðar á umræddum svæðum en stærð deiliskipulagsins ræðst af því að ná utan um helstu minjar og ramma inn heildstæðar búsetuminjar við Hofstaði.

6. Áhrifamat

Ekki eru áformaðar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér sbr. lög um umhverfismat áætлана.

7. Skipulagsferli

Lýsing skipulagsáætlunar verður send Skipulagsstofnun skv. 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga 123/2010 og umsagnaraðila í upphafi verks. Lýsingin verður auglýst í dreifibréfi / staðarblaði sem borið verður í hvert heimili sveitarfélagsins eða með öðrum fullnægjandi hætti. Skipulagslýsingin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og aðgengileg á heimsíðu þess www.myv.is. Með þessum hætti er umsagnaraðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið sín og ábendingar sem að gagni geta komið við gerð skipulagsins. Næsta skref í skipulagsvinnunni er að vinna deiliskipulagstillögu til að kynna á íbúafundi eða með öðrum fullnægjandi hætti. Fullunnin skipulagstillaga verður síðar auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar verður gefinn kostur á senda inn athugasemdir í a.m.k. sex vikur. Þá mun skipulagsnefnd fara yfir þær athugasemdir sem kunna að berast og gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á skipulagstillögunni skal hún auglýst að nýju. Að því loknu mun skipulagsnefnd gera tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu skipulagsins og tillagan send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Í framhaldinu mun sveitarstjórn birta auglýsingu um samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda en jafnframt munu þeir aðilar sem sendu inn athugasemdir fá afgreiðslu sveitarstjórnar senda til sín.

Helstu verkferlar sem varða deiliskipulag Hofstaða eru eftirfarandi:

- Kynning skipulagslýsingar og samráð í nóv – des 2015. Ábendingafrestur eru a.m.k. þrjár vikur.
- Tillaga að deiliskipulagi kynnt jan 2016
- Deiliskipulagstillaga auglýst í feb 2016
- Gildistaka skipulagsins maí-júní 2016

8. Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun (Lögb. umsagnaraðili)
- Umhverfisstofnun (*Vegna verndunar Mývatns og Laxár þar sem hluti svæðisins er innan 200 m frá bakka Laxár*).
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Húsavík
- Ferðamálastofa
- Vegagerðin
- Íslenska ríkið (Sem landeigandi).

9. Ábendingar

Ábendingar vegna þessarar lýsingar skulu sendar á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni eða með tölvupósti til skipulags- og byggingarfulltrúa, Bjarna Reykjalín, á netfangið bjarni@thingeyjarsveit.is. Um tímafrestinn er fjallað í auglýsingu.

10. Heimildaskrá

1. Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023. Staðfest 18.04.2013.
2. Lög nr. 123/2010 Skipulagslög
3. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
4. Lög nr. 80/2012, um menningarminjar.
5. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd..
6. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana
7. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fyrsta útgáfa 1990. Fornleifanefnd. Sótt 10. nóv. 2015 á www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/fridlysingarskra-med-vidbotum.pdf
8. Þjóðskrá Íslands. Sótt 12 nóvember 2015 á <http://www.skra.is/fasteignaskra/>
9. Byggðir og bú Suður-Þingeyinga, 1986. Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu.
10. Adolf Friðriksson Orri Vésteinsson. Rannsókn á fornbygli á Hofstöðum í Mývatnssveit, Framvinda rannsókna, 1996
11. Mývatn og Laxá, Verndaráætlun 2011-2016. Náttúrustofa Norð-Austurlands ofl. 2011.
12. Lög nr. 97/2004. Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu
13. Reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu